

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-0	K/S 1-11-17
Ábmr. <i>[Signature]</i>	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>)Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
801 Selfoss



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 26. október 2017
MÍ201705-0054/ 6.08 / K.M.

Efni: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Aðalskipulag 2017-2029.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 11. október s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.

Í greinargerð með aðalskipulagstillögunni eru talin upp nokkur atriði sem lögð var áhersla á í skipulagsvinnunni. Eitt þessara atriða er að stuðla að varðveislu náttúru- og söguminja og annarra umhverfislegra gæða.

Á nokkrum stöðum í greinargerðinni er fjallað mjög almennum orðum um menningarminjar. Mannvirki skulu ekki valda skaða á menningarminjum. Landnotkun skal m.a. stuðla að varðveislu menningar og sögu. Gætt skal að varðveilsugildi bygginga með tilliti til menningar- og sögulegs gildis þeirra. Taka skal tillit til söguslóða við skipulag íbúðarbyggðar. Frístundabyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna m.a. sögu þeirra. Á hluta landbúnaðarlands eru ýmsar kvaðir s.s. vegna söguminja sem taka þarf tillit til við nýtingu lands. Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spilt s.s. vegna fornleifa eða söguminja verði skógrækt takmörkuð eða óheimil og forðast skal að skerða gildi minja með uppgræðslu eða skógrækt. Um efnistöku og efnislosun gildir m.a. að taka skal tillit til fornleifa. Efnistaka skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 20 m. Umferð hestamanna valdi ekki spjöllum á söguminjum. Æskilegt er að hluti gönguleiða tengist náttúru, sögu og menningu svæðisins. Fagna ber þeirri áherslu á menningarminjar sem þannig kemur fram í greinargerðinni.

Í kafla greinargerðarinnar þar sem fjallað er um skógræktar og landgræðslusvæði segir að skógrækt skuli ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 20 m. Og eins og fram kemur hér að ofan skal efnistaka ekki fara nær friðlýstum fornminjum

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

og öðrum merkjum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 20 m skv. texta greinargerðarinnar. Þetta þarf að leiðrétti til samræmis við lög um menningarminjar (Nr. 80/2012). Í 22. gr. laga um menningarminjar segir að fornleifum sem eru friðlýstar skuli fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegum mörkjum þeirra og umhverfis. Og að friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið. Ljóst er því að ekki má planta trjám innan 100 metra frá ystu mörkjum friðlýstra fornleifa.

Í kafla 2.2.4 í greinargerðinni er fjallað um afþreyingar- og ferðamannasvæði. Í töflu er gerð grein fyrir hugsanlegri uppbyggingu á nokkrum stöðum, þar á meðal við Stöng í Þjórsárdal. Eins og þar kemur fram hefur verið gerð ný göngubrú yfir Rauðá og stígur fyrir hreyfihamlaða frá henni að minjasvæðinu. Þá er búið að gera nýtt bílastæði sunnan við Rauðá. Framkvæmdirnar hafa verið unnar í samvinnu sveitarfélagsins og Minjastofnunar Íslands og svo verður áfram um frekari uppbygging á svæðinu. Í kaflanum er ekki fjallað um aðrar menningarminjar í sveitarfélaginu en margar fleiri minjar gætu nýst vel sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Í kafla 2.5 í greinargerðinni er fjallað um veitur. Vakin er athygli á að á heimasíðu Minjastofnunar má finna leiðbeiningarit, *Leiðbeiningar um veituframkvæmdir og fornleifar*.

Kafli 2.6 í greinargerðinni fjallar um verndarsvæði og minjar. Þar er gerð grein fyrir markmiðum skipulagsins í þessum málaflokki. Stuðla skal að varðveislu sögu- og menningarminja. Merkir minja- og sögustaðir verði merktir og gerðir aðgengilegir. Fornminjar verði merktar eftir því sem kostur er og upplýsingar um þær bættar. Kortlagðar verði gamlar þjóðleiðir og kannaðir möguleikar á að nýta þær sem reið- og/eða gönguleiðir. Hugað verði að varðveislugildi eldri húsa og mannvirkja, þ.m.t. samgöngumannvirkja. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja er undanfari frekara skipulags. Í framhaldinu er fjallað um leiðir að þessum markmiðum. Markvisst verði reynt að vernda menningarminjar á svæðinu m.a. með merkingu þeirra og aukinni fræðslu og upplýsingagjöf til ferðamanna. Helstu minjar/minjasvæði verði felld undir hverfisvernd og skilgreind verndarákvæði fyrir þær. Lokið verði við aðalskráning fornminja í sveitarfélaginu á skipulagstímanum. Unnið verði að uppsetningu merkinga og gerð kynningarefnis m.a. til að vernda menningarminjar.

Kafli 2.6.3 er um Hverfisvernd. Þar segir að hverfisvernd sé alhliða vernd sem getur tekið til náttúruminja, landslags og fornleifa. Fram kemur að fornleifum skal aldrei raska nema í samráði við Minjastofnun. Markmið skipulagsins í málaflokknum eru m.a. að lögð verði áhersla á að varðveita fornleifar og aðrar söguminjar. Og að til þess verði markvisst reynt að vernda þjóðminjar á svæðinu m.a. með skráningu og merkingu þeirra. Hverfisverndarsvæði í byggðarhluta sveitarfélagsins

eru flest til komin til að vernda náttúru viðkomandi svæðis. Í Þjórsárdal er þó tilgangur hverfisverndarinnar m.a. sagður vera að vernda búsetuminjar. Þá njóta tvö svæði innan byggðarhlutans, Hólaskógur og Reykholt, hverfisverndar vegna búsetuminja.

Í kafla 2.6.4 í greinargerðinni er fjallað um Minjavernd. Þar er eins og segir í upphafi kaflans, fjallað um friðlýstar fornminjar, fornminjar sem njóta hverfisverndar ásamt friðuðum eða friðlýstum byggingum.

Markmið skipulagsins í minjavernd eru að stuðla að verndun menningarminja og gera fólki kleift að njóta þeirra eins og aðstæður leyfa. Að merkar minjar verði merktar eftir því sem kostur er og upplýsingar um þær bættar. Fjallað er um leiðir að þessum markmiðum. Þær eru að helstu minjar/minjasvæði verði sett undir hverfisvernd og skilgreind verndarákvæði fyrir þær. Fornar leiðir verði gerðar aðgengilegar sem göngu- og/eða reiðleiðir t.d. með því að finna og endurhlaða vörður í samráði við Minjastofnun Íslands og landeigendur. Unnið verði að lagfæringu og viðhaldi á völdum minjum, t.d. fornum bæjarstæðum, samgöngumannvirkja og heimavirkjana.

Friðlýstar fornleifar eru sýndar á sveitarfélagsuppdrætti. Í kaflanum um minjavernd er tafla þar sem tilgreind eru svæði í sveitarfélaginu þar sem friðlýstar fornleifar er að finna. Í töfluna vantar rústir Lóþræla, um er að ræða tvær rústir í Þjórsárdal.

Í kaflanum um minjavernd er einnig fjallað um byggingar sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar. Þar eru tvær töflur. Annars vegar yfir friðuð og friðlýst hús í sveitarfélaginu og hins vegar yfir hús sem skilja má af texta greinargerðarinnar að litið sé svo á að ekki séu friðuð. Flest þessara húsa eru þó orðin meira en 100 ár gömul og falla því undir ákvæði 29. gr. laga um menningarminjar þar sem segir að öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.

Skráning húsa og mannvirkja, hefur ekki farið fram í sveitarfélaginu. Í 29. gr. laga um menningarminjar segir að öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. Og í 30. gr. kemur fram að eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim. Það er allra hagur að fyrir liggi nákvæmar upplýsingar um hús sem njóta verndar samkvæmt ákvæðum laga um menningarminjar.

Í aðalskipulagi þarf að vera skrá yfir:

- Friðlýst hús. Heiti/heimilisfang. Byggingarár. Staðsetning/hnit. Ljósmynd.
- Friðuð hús, 100 ára eða eldri. Heiti/heimilisfang. Byggingarár. Staðsetning/hnit. Ljósmynd.

- Hús byggð 1925 eða fyrr og kirkjur byggðar 1940 eða fyrr.
Heiti/heimilisfang. Byggingarár. Staðsetning/hnit. Ljósmynd.

Upplýsingar um friðlýst hús og mannvirki má fá á vef Minjastofnunar Íslands¹.

Upplýsingar um friðuð og umsagnarskyld hús má fá úr fasteignaskrá, en þær skulu birtar með fyrirvara um að ekki sé alltaf um að ræða rétt byggingarár í þeirri skrá.

Kafla 4 í greinargerð skipulagstillögunnar er um stefnumörkun á hálendinu. Í kafla 4.5.3 er fjallað um minjavernd á hálendinu. Markmið og leiðir að þeim er að mestu þau sömu og gilda um byggðarhluta sveitarfélagsins og fjallað er um hér að ofan. Í kaflanum eru töflur yfir friðlýstar fornleifar á hálendinu og yfir fornleifar á afréttum sem njóta hverfisverndar.

Víða í greinargerðinni er fjallað um að vernda beri fornleifar í sveitarfélaginu, forðast skuli að raska þeim við framkvæmdir og nauðsyn þess að gera þær aðgengilegar m.a. með því að koma upplýsingum um þær á framfæri við heimamenn og ferðafólk. Á nokkrum stöðum í greinargerð skipulagstillögunnar kemur fram að aðalskráningu fornleifa í sveitarfélaginu skuli ljúka á skipulagstímanum. Fornleifaskráning er grunnurinn að varðveislu fornleifa og miðlun upplýsinga um þær. Minjastofnun Íslands leggur áherslu á að gerð verð raunhæf áætlun um skráningu friðaðra og friðlýstra fornleifa, húsa og mannvirkja innan sveitarfélagsins sem taki mið af því að skráningunni ljúki innan hæfilegs tíma.

Í kafla 4.2.2 í umhverfisskýrslu er fjallað um umhverfisþætti, matsspurningar og viðmið. Minjar eru meðal umhverfisþátta sem voru til skoðunar en þar undir eru menningarminjar, náttúruminjar og verndarsvæði. Kannað var m.a. hvort stefnan sem fram kemur í aðalskipulagstillögunni hefur áhrif á fornleifar. Í töflu á bls. 39 í umhverfisskýrslu eru tilgrein þau viðmið sem höfð voru til hliðsjónar. Þar mætti bæta við lögum um menningarminjar (Nr. 80/2012) og skrá um friðlýstar fornleifar.


Í kafla 4.3 í umhverfisskýrslu er lagt mat á áhrif stefnu skipulagsins á skilgreinda umhverfisþætti út frá tilteknun áhrifaþáttum. Áhrifaþættirnir sem fjallað er um eru: Samgöngur, uppgræðsla á verndarsvæðum í Þjórsárdal, ferðaþjónusta í Þjórsárdal, íbúðarbyggð í dreifbýli, þéttbýli í Árnesi, stakar framkvæmdir, landbúnaðarsvæði, skógrækt, afþreyingar- og ferðamannasvæði, frístundabyggð, efnistökusvæði, verndarsvæði, hverfisvernd og friðlýst svæði og iðnaðarsvæði. Áhrif af stefnu skipulagsins á minjar eru ekki metin varðandi alla áhrifaþættina. Áhrifin eru talin jákvæð hvað varðar

¹ <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/friðlyst-hus-og-mannvirki/>

verndarsvæði, hverfisvernd og friðlýst svæði eins og gefur að skilja. Áhrif á aðra áhrifaþætti sem mat er lagt á eru ýmist talin óviss, óveruleg eða engin/lítill. Minjastofnun Íslands vekur athygli á því að upplýsingar um menningarminjar í sveitarfélaginu eru takmarkaðar.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012 stendur m.a.:
Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. m.gr. 29. gr. laganna sem hljóðar svo: Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

*Afrit sent í tölvupósti:
Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. (petur@utu.is)*